



Sögupersónur í ÓGN

Svandís er 14 ára skólhærð, venjuleg stelpa Hún er dugleg og úrræðagóð, góður námsmaður sem finnst gaman að læra. Hún stendur með sjálfri sér og er tilbúin að taka þátt í ævintýrum.

Lára vinkona Svandísar býr í Reykjavík. Hún er með brúna lokka, spékoppa og er alltaf síbrosandi og hlæjandi. Þær Svandís kynntust í tónlistarskólanum og spiluðu þar báðar á þverflautur. Lára á kött og er mikið fyrir ketti.

Brjann er með rauðbirkið, gullið hár, freknur og ljósblá augu. Brjann er tvíburabróðir Sylvíu og þau búa á næsta bæ við Svandísi.

Sylvía er með ljóst, sítt hár sem næstum er hvítt á lit. Augun eru ljósblá. Sylvía er tvíburasystir Brjáns.

Amma er virðuleg og ber sig um eins og drottning. Hún er alltaf vel til höfð og á stórt safn af skrautlegum kjólum. Amma sér álfa og hún spáir í spil og bolla fyrir fólk í sveitinni. Hún hefur gaman af því að baka og elda og hún er dugleg að spila við barnabörnin.

Afi er sauðfjárbóndi. Hann er morgunhress og fer oft í morgungöngur upp í fjall. Afi spilar á harmonikku og fær krakkana stundum til að syngja með. Afi trúir ekki á álfa og finnst kona sín stundum bulla of mikið. Amma og afi spila stundum brids við vini sína.

Mamma ólst upp í þessari sveit. Hún er dugleg sveitastelpa en um leið er hún heimskona og alltaf smart til fara. Hún lætur útbúa kaffihús í kjallara íbúðarhússins þeirra í sveitinni og rekur þar einnig gistihús.

Pabbi er ljúfur og góður og er alltaf að brasa eitthvað. Ef hann er ekki í vinnunni þá er hann að dytta að einhverju heima í sveitinni.

Arnór er litli bróðir Svandísar sem henni þykir afskaplega vænt um. Hann er fimm ára gamall með ljósar krullur. Hann er mikill spekingur sem langar að vita svo margt.

Ragnar er litríkur karakter og skemmtilegur kennari. Hann klæðir sig í litrík föt, er mjósleginn og notar gleraugu.

Björg skólastjóri klæðist alltaf gráum fötum. Hún greiðir hárið aftur í stífan hnút í hnakkanum. Hún gengur um í háum hælum sem smellur í á göngum skólans. Hún er alvörugefin, ströng og stíf.

Strákar í bekknum eru: Rafn, vinur Brjáns, Stefán og Fjölnir.

Stelpur í bekknum eru: **Magna**, stór dökkhærð stelpa. Hún er oft neikvæð, afbrýðisöm og getur verið illkvittin. **Dís** og **Harpa** eru vinkonur Mögnu.

Fjóla er vinkona Sylvíu. Hún er með brúnt hrokkið hár og spékoppa. Svandísi finnst hún líkjast Láru. Fjólu finnst gaman að segja brandara og hún hlær mikið.

Hekla er bekkjarsystir þeirra. Hún er ljóshærð og hæglát.

Karl (Kalli) er ömmubróðir Svandísar. Hann hvarf að heiman þegar hann var ungur og það sást síðast til hans á baki nykurs þar sem hann hvarf ofan í vatn.

Drífa er álfadrottningin. Maður hennar, Kormákur álfakóngur, dó áður en sagan hefst.

Sóldís er systir Drífu og býr í álfheimum. Hún er kona Kalla.

Sveinn er aðkomumaður sem fær að gista í kjallaranum. Hann er með grátt skegg og axlarsítt grátt hár. Hann gengur um í svörtum frakka og með svartan hatt.

Skemmukisi er dökkgrár urðarköttur með rauð augu og stórt loðið skott. Hann gerir sig heimakominn hjá fjölskyldunni og heldur til í skemmuni við húsið.

Tveir nykrar búa við vatnið. Annar er stór og dökkgrár en hinn er minni og svartur.

Hrafnklukka er frænka Svandísar úr álfheimum. Hún er lágvaxin með svart hrokkið hár og dökk augu. Hrafnklukka er skemmtileg og mikill prakkari.

Skeljaskrímsli er á stærð við kálf og er illskeytt og grimmt. Það er alsett hreistri sem líkist skeljum og virðist einna helst líkjast beltisdýri með beittar tennur og einhvers konar gaddahala sem það dregur á eftir sér. Á bakinu er kryppa og hausinn mjókkar ofan í nokkurs konar trjónu eða nef. Stórar tennur skaga út um munnvikið fyrir neðan trjónuna. Þegar skeljaskrímsli hleypur hringlar í skeljunum.